



Það helsta í efnahagspróun sumarsins

Létt upprifjun á helstu atburðum það sem af er sumri

Í ljósi þess að margir eru að koma til baka úr sumarfríi verður hér farið yfir það sem hagfræðingar telja helstu atburði sumarsins hingað til.

Fasteignamarkaður

Fasteignamarkaður hefur tekið aðeins við sér í sumar. Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,1% í maí og 0,8% í júní. Hækkun á sérbylí var mun meiri á þessum tíma en gildi um fjölbylíð. Í stærri bæjum utan höfuðborgarsvæðisins hafa verð farið hækkandi og þar varð ekki um snögga kólnun að ræða upp úr miðju ári 2017 eins og á höfuðborgarsvæðinu.

Viðskiptum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað töluvert frá því í febrúar og hefur fjöldi viðskipta það sem af er árinu verið örlítið meiri í ár en var á sama tíma í fyrra.

Vinnumarkaður


Merki eru um að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði. Samanburður á maí 2017 og 2018 sýnir að vinnuaflið jókst um 6 þúsund manns og hlutfall þess af mannfjölda lækkaði um 1,3 prósentustig. Fjöldi starfandi jókst hins vegar um rúmlega 8 þúsund manns en hlutfall þeirra af mannfjölda lækkaði um 0,3 prósentustig.

Sé litið á 12 mánaða meðaltal jókst atvinnuþátttaka stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Frá maí í fyrra hefur dregið úr atvinnuþátttöku um 1,7 prósentustig, sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal. Atvinnuþátttaka í maí var 83,4% og er hún nú svipuð og var vorið 2015.


Launapróun

Launavísitalan hækkaði samtals um u.þ.b. 3% í maí og júní í takt við áfangahækkanir launa í byrjun maí. 12 mánaða hækkunartaktur launa er nú nálægt 6% og hefur lækkað en hafði verið í kringum 7% frá miðju ári 2017.


Próun fasteignaverðs á höfuðb.svæðinu



Fjöldi starfandi



12 mánaða hækkunartaktur launa





Kaupmáttur launa hefur haldist meira og minna óbreyttur frá því um mitt ár 2017. Þar sem verðlag hefur verið nokkuð stöðugt tók kaupmáttur stökk upp á við í maí og jókst um 2,4% milli mánaða og hélst svipaður í júní. Kaupmáttur launa í júní var 3,3% meiri en fyrir ári síðan.

Ferðapjónusta

Erlendum ferðamönnum fjölgaði um 13,2% í maí, 5,4% í júní og 2,5% í júlímánuði borið saman við sömu mánuði árið áður. Í apríl fækkaði ferðamönnum um 3,1% eftir 3,1% aukningu í mars. Frá áramótum hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um 5% miðað við sama tímabil í fyrra. Yfir sama tímabil í fyrra fjölgaði ferðamönnum um 33% milli ára.

Fjölgun gistingu á hótélum var 0,5% í maí en þeim fækkaði um 0,7% í júní miðað við fyrra ár.

Gistinóttum á hótélum fjölgar hægar en sem nemur fjölgun ferðamanna. Það bendir til þess að erlendir ferðamenn séu að færa sig úr hótलगistingu í annars konar gistingu og/eða að þeir séu að stytta dvalarlengd sína.

Hlutur ferðapjónustu í landsframleiðslu nam 8,6% á síðasta ári skv. bráðabirgðaútreikningum Hagstofunnar. Hlutfallið hefur ekki áður mælst hærra en það var 8,1% árið 2016 og 6,2% árið 2015.


Verðbólgan yfir markmiði í sumar

Verðbólga á 12 mánaða grundvelli mældist 2,7% í júlí en hún var 2,6% í júní. Júlí var þriðji mánuðurinn á þessu ári þar sem verðbólga mældist yfir 2,5% verðbólguþröskulki Seðlabankans. Í mars mældist verðbólga 2,8% og hafði verðbólga þá ekki mælst yfir markmiðinu síðan í janúar 2014.


Verðbólga án húsnæðis mældist jákvæð í maí í fyrsta skiptið í tvö ár og hefur henni vaxið ásmegin síðan þá. Þannig mældist hún 1,1% í júní og 1,4% í júlí.

Vöruskiptahallinn heldur minni í ár en í fyrra


Vöruskiptahallinn nam 17 mö.kr. í maí síðastliðnum og 20,5 ma.kr. í júní. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að hallinn hafi numið 15,5 mö.kr. í júlí. Ef þær tölur verða hvorki endurskoðaðar til hækkunar eða lækkunar mun uppsafnaður vöruskiptahalli á fyrstu sjö mánuðum



Gistinætur erlendra ferðamanna á hótélum
Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



ársins hafa numið 99 mö.kr. Hallinn nam til samanburðar 108,3 mö.kr. á sama tíma í fyrra.

Verð á áli og hráolíu hefur lækkað

Eftir miklar hækkunir undanfarið ár hefur heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkað lítillega það sem af er sumri. Við lokun markaða í gær var verðið á fatinu komið í 72,28 Bandaríkjadali.

Álverð hefur haldið áfram að lækka síðustu mánuði líkt og það hefur gert eftir mikla hækkun í apríl á þessu ári. Í sumar hefur verðið sveiflaðist á bilinu 2.000-2.400 USD/tonn. Við lok markaða í gær var verðið á tonninu 2.038 Bandaríkjadalir.


Flest félög í Kauphöllinni hafa lækkað það sem af er sumri

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar (OMX18) hefur lækkað um 7,9% frá því í byrjun maí en mælt frá áramótum nemur lækkunin 2,8%. Af 18 félögum á markaði hækkuðu einungis 3 félög í sumar (Eimskip, N1 og Hagar). Ísland sker sig töluvert úr þegar horft er á vísitölur annarra ríkja frá 31. maí. Norræna vísitalan OMXN40 hefur hækkað um 1,5%, S&P 500 í Bandaríkjunum hefur hækkað um 5,7%, FTSE 100 í Bretlandi hefur hækkað um 1,1% og DAX í Þýskalandi hækkað um 0,2% á tímabilinu.


Stærstu tíðindin af hlutabréfamarkaðnum hér heima í sumar er afkomuviðvörðun Icelandair þann 8. júlí þar sem afkomuspá (EBITDA spá) félagsins var lækkuð úr 170-190 m.USD í 120-140 m.USD. Að auki var uppgjör félagsins á öðrum ársfjórðungi þann 31. júlí undir væntingum. Viðbrögð fjárfesta á markaði létu ekki á sér standa þrátt fyrir sumarfrí og bréf félagsins hafa lækkað um 33,0% það sem af er sumri. Það sem af er ári hafa bréf Icelandair alls lækkað um 45,8%.

Samkeppniseftirlitið samþykkti samruna N1 og Festi hf. (sem rekur m.a. Krónuverslanirnar) þann 30. júlí. Erfiðlega hefur gengið að fá samþykki eftirlitsins fyrir samruna N1 og Festi annars vegar og Haga og Olís hins vegar og tók markaðurinn vel í niðurstöðuna. Bréf N1 og Haga hafa hækkað það sem af er sumri.


Bandaríski fjárfestingasjóðurinn Yucaipa seldi Samherja allan hlut sinn í Eimskip þann 19. júlí, samtals 25,3% hlut í félaginu. Bréf í Eimskip hækkuðu nokkuð við þessi viðskipti og hafa bréf Eimskip hækkað mest það sem af er sumri, eða um 22,9%.



Þróun helstu hlutabréfavisitalna 31. maí til 8. ágúst



Verðbreytingar á hlutabréfamarkaði 31. maí til 8. ágúst*



* Arion frá 15. júní til 8. ágúst
Heimild: Kodiak



Tvær nýjar skráningar voru á aðallista Kauphallarinnar á árinu 2018. Heimavellir komu á markað þann 24. maí og bréf í Arion banka voru tekin til viðskipta 15. júní, bæði í íslensku og sænsku kauphöllinni.

Gjaldeyrismarkaðurinn

Í sumar hefur gengi krónunnar verið nokkuð stöðugt. Gengi krónu gagnvart evru hefur haldist í kringum 125 krónur. Nokkrum sinnum hefur evran farið tímabundið yfir 125 krónur (fór hæst í 126,5 21. Þann júní), en hefur enn sem komið er alltaf farið aftur niður fyrir 125. Bandaríkjadalur hækkaði í byrjun sumars (fór hæst í 108,9 þann 22. júní) en hefur síðan sveiflast í kringum 106 krónur. Í lok júlí styrktist krónan gagnvart bæði evru og dollar um tæpar 2 krónur en sú styrking hefur gengið til baka.

Velta á millibankamarkaði tók við sér í júní eftir tiltölulega rólega fyrstu fimm mánuði. Ró færðist þó aftur yfir markaðinn í júlí.



Raungengi hækkaði um 0,5% milli mánaða í júlí eftir að hafa lækkað um 1,7% milli mánaða í júní.

Helsta atburðir erlends það sem af er sumri

Seðlabanki Englands hækkaði stýrivexti um 0,25 prósentustig, upp í 0,75%, þann 2. ágúst. Stýrivextir hafa ekki verið jafn háir í Englandi síðan 2009. Var þetta einungis í annað sinn frá fjármálakrisunni 2008 sem bankinn hækkar vexti. Mark Carney seðlabankastjóri hefur boðað áframhaldandi hóflegar vaxtahækkanir á næstunni.

Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti um 0,25 prósentustig í 2% þann 13. júní. Forseti Bandaríkjanna lýsti í kjölfarið yfir mikilli óánægju með hækkunina sem hefur vakið upp spurningar um hvort vegið verði að sjálfstæði seðlabankans þegar fram í sækir.

Verndartollar Bandaríkjanna á kínverskar vörur tóku gildi 6. júlí. Það mátti sjá á kínverskum hagtolum í lok júlí að Kína er farið að finna fyrir tollunum.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.